

Nd.

492. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 26. maí 1938, um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar heimilast, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að leggja sérstakt gjald á o. s. frv.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna hins mikla atvinnuleysis, sem skapast hefir á þeim stöðum, þar sem togarar áður lögðu fisk á land til verkunar, en gera nú ekki lengur, af ýmsum ástæðum, sem hér skal ekki rakið frekar, verður sennilega að leggja eitthvert útsvar á togarana til þess að bæta úr því atvinnutjóni, sem hinir breyttu atvinnuhættir hafa skapað.

Nú hagar svo til, að skattur sá, sem Hafnarfjarðarkaupstaður hefir haft heimild til að taka af bilferðum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, er bundinn við, að ekki sé lagt útsvar á togara, og yrði því bæjarsjóði enginn fjárhagslegur ávinningur að því að leggja þetta útsvar á, ef hann um leið missti skattinn af bilferðunum, sem ætla má, að sé nokkuð svipuð upphæð.

Eins og atvinnuástandið er, er bæjarsjóði aftur óumflýjanlegt að fá aukið tekjur sínar til þess að geta bætt úr atvinnuleysinu, og er frv. borið fram í því skyni.

Þá er ætlazt til, að það verði nú lagt í vald ríkisstjórnarinnar að meta, hve lengi þessi skattur verði tekinn, og á þann hátt tryggt, að skatturinn verði ekki lagður á lengur en brýn nauðsyn krefur.